



Fjórðungssamband
Vestfirðinga



Þinggerð

69. Fjórðungspings Vestfirðinga að sumri

Haldið í fjarfundi 19. júní 2024

Miðvikudaginn 19. apríl 2024, var 69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að sumri sett í fjarfundi. Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

Þingsetning

Jóhanna Ösp Einarsdóttir formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, setti þingið kl. 11.05 og bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna. Hún óskaði öllum til hamingju með hátíðar- og baráttudag kvenna 19. júní þegar fagnað er að konur 40 ára og eldri fengu kosningarétt á árinu 1915. Hún kynnti af 48 sveitarstjórnarfulltrúum á Vestfjörðum í dag væru væru 27 konur og 21 karl.

Formaður kynnti síðan að þingið er haldið að afloknum sveitastjórnarkosningum þann 4. maí s.l. í nýju sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar sem tók gildi þann 19. maí s.l.. Formaður stjórnar hóf því þingið á að bjóða nýjum og öðrum starfandi fulltrúum sveitastjórna á Vestfjörðum á þinginu að kynna sig.

Að aflokinni kynningu fulltrúa sveitarfélaganna kynnti formaður boðun þessa þings væri samkvæmt ákvörðun 69. Fjórðungsþing að vori, þess efnis að, dagskrárliðnum kosning kjörnefndar fyrir haustþing á miðju kjörtímabili sveitastjórna var frestað vegna kosninga í nýju sameiginlegu sveitarfélagi Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.

Þingið væri einnig boðað á grundvelli ákvæðis 10. gr samþykktar Fjórðungssambandsins um *Fjórðungsþing á kosningasumri* sem gefur heimild til að halda þingið í fjarfundi og kosningu kjörnefndar. Meginverkefni þingsins væri því að velja fulltrúa í kjörnefnd til undirbúnings kosninga á 69. Fjórðungsþingi Vestfirðinga að hausti, auk vali á formanni kjörnefndar.

Formaður gerði að tillögu að þingforseti verði Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps. Tillagan var samþykkt einróma og tók þingforseti Ingibjörg Birna við fundarstjórn, hún þakkaði traustið og bauð gesti og þingfulltrúa velkomna.

Þingforseti kannaði hvort gerð væri athugasemd við boðun þingsins en til þingsins var boðað með tölvupósti þann 2. maí s.l. á grundvelli tillögu 69. Fjórðungsþings Vestfirðinga að vori. Engin athugasemd kom fram og lýsti þingforseti þingið því löglegt í samræmi við samþykktir.

Þingforseti gerði síðan tillögu um að varaþingforseti verði Gunnþróunn Bender forseti bæjarstjórnar í sameiginlegu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar en að þingritarar yrðu Magnea Garðarsdóttir og Aðalsteinn Óskarsson starfsmenn Vestfjarðarstofu. Tillagan samþykkt einróma.

Þingforseti tilkynnti að samkvæmt skráningu voru 25 þingfulltrúar mættir fyrir 5939,4 atkvæði, eða 62% atkvæða en ónýtt atkvæði væru 3628,5 eða 38%.

Þingforseti fór yfir dagskrá þingsins og minnti á að samkvæmt 5 gr. þingskapa skulu fulltrúar tilkynna þingforseta skriflega málefni þau, sem þeir óska að komi til umræðu undir liðnum önnur mál og jafnframt skuli geta flutningsmanna. Því næst var gengið til dagskrár.

1. Kosning kjörnefndar fyrir Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti.

Þingforseti kynnti aðdraganda kosningu kjörnefndar. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefði á fundi þann 30. apríl s.l. og með tölvupósti þann 29. maí s.l. gert að tillögu til sveitarstjórna hinna átta aðildarsveitarfélaga sambandsins, að kjörnefnd yrði skipuð einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi og einum til vara.

Þingforseti kannaði hvort aðrar tillögur væru um fjölda fulltrúa í kjörnefnd, svo var ekki og óskaði þingforseti að kynnt yrði tillaga sveitarstjórna um fulltrúa í kjörnefnd.

Tillögur sveitarstjórna voru sem hér segir um eftirfarandi aðal og varafulltrúa í kjörnefnd;

Reykholahreppur	Árný Huld Haraldsdóttir	Aðalfulltrúi
	Vilberg Þráinsson	Varafulltrúi
Strandabyggð	Sigríður Guðbjörg Jónsdóttir	Aðalfulltrúi
	Hlíf Hrólfsdóttir	Varafulltrúi
Kaldrananeshreppur	Hildur Aradóttir	Aðalfulltrúi
	Ísabella Benediktsdóttir	Varafulltrúi
Árneshreppur	Arinbjörn Bernharðsson	Aðalfulltrúi
	Eva Sigurbjörnsdóttir	Varafulltrúi
Ísafjarðarbær	Arna Lára Jónsdóttir	Aðalfulltrúi
	Sigríður Júlía Brynleifsdóttir	Varafulltrúi
Bolungarvíkurkaupstaður	Olga Agata Tabaka	Aðalfulltrúi
	Kristín Ósk Jónsdóttir	Varafulltrúi
Súðavíkurhreppur	Bragi Þór Thoroddsen	Aðalfulltrúi
	Aníta Björk Pálínudóttir	Varafulltrúi
Sameinað sveitarfélag		
Tálknafjarðarhrepps og		
Vesturbyggðar	Gunnpróunn Bender	Aðalfulltrúi
	Jóhann Örn Hreiðarsson	Varafulltrúi

Þingforseti kannaði með aðrar tillögur, svo var ekki og bar þingforseti upp tillögu að kjörnefnd upp til atkvæða. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingforseti óskaði eftir tillögu um skipan formanns kjörnefndar. Jóhanna Ösp Einarsdóttir gerði að tillögu að Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæjar verði formaður kjörnefndar, þingforseti kannaði með hvort fleiri tillögur en svo var ekki. Tillagan borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Önnur mál löglega fram borin.

Þingforseti kannaði hvort þingfulltrúar vildu bera upp fleiri mál. Engin þingfulltrúi kvaddi sér hljóðs.

3. Frestun Fjórðungspings Vestfirðinga

Þingforseti kynnti að dagskrá þingsins væri tæmd að undanskilinni frestun þingsins, en áður en því kæmi þá óskaði hún eftir heimild þingsins um að forseti og þingritarar gengu frá þinggerð. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingforseti þakkaði fyrir þingfulltrúum og starfsmönnum fyrir þeirra framlag á þinginu og gaf orðið til Jóhönnu Ösp Einarsdóttur, formanns Fjórðungssambandsins

Jóhanna Ösp þakkaði þingforseta og starfsmönnum fyrir þeirra framlag og þingfulltrúum fyrir setu á þinginu. Hún minnti á samþykkt 69. Fjórðungspings að vori frá 10. apríl s.l. að 69. Fjórðungsping að hausti verði haldið á Hótel Laugarhóli í Bjarnarfirði föstudaginn 18. og laugardaginn 19. október n.k..

Umfjöllunarefni þingsins væru frumdrög Svæðisskipulags Vestfjarða og kynning á tillögu að Sóknaráætlun Vestfjarða 2025 - 2029. Hér væru stór málefni og hlakkaði hún til að hitta sveitarstjórnarmenn til að taka þátt í að móta framtíð samfélaga á Vestfjörðum. Eins minnti hún á að lýsing svæðisskipulagsins væri nú í auglýsingu til 28. júní n.k. Hvatti hún sveitarfélögin að nýta tækifærið og senda inn umsögn.

Formaður frestaði svo 69. Fjórðungspingi Vestfirðinga kl 11:30 til föstudags 18. október 2024.

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, þingforseti

Magnea Garðarsdóttir, þingritari

Aðalsteinn Óskarsson, þingritari

Þingskjal 1, Dagskrá

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/sumar/thingskjal-1-dagskra-69.-fjordungsthings-sumar.pdf>

Þingskjal 2 Atkvæðavægi

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/sumar/thingksjal-2-atkvaedavaegi-2024-1-.pdf>

Þingskjal 3. Fulltrúar og gestir, 69. Fjórðungspings Vestfirðinga að sumri

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/69thing/sumar/fulltruar-og-gestir-2024-69.-fjordungsthings-ad-sumri.pdf>